



Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.  
 Ármúla 32  
 108 Reykjavík  
 ICELAND


Tel: +354 578 5600  
 Fax +354 578 5619  
 mmr@mmr.is

# Fréttatilkynning

Könnun MMR á fylgi stjórnmálaflokka  
 17. nóvember 2017

## Kjösendur VG vilja ekki Sjálfstæðisflokk – fylgi VG dalar

Stuðningur við Vinstri græn hefur dalað um 3,6 prósentustig frá síðustu alþingis-kosningum og mælist nú 13,0%. Á sama tíma hefur stuðningur við Samfylkingu aukist úr 12,1% í 16,0%.



Lagðar voru allt að þrjár spurningar fyrir svarendur um stuðning þeirra við stjórnmálaflokka. Allir voru spurðir spurningar 1: „Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?“. Þeir sem svöruðu „Veit ekki/óákveðin(n)“ við spurningu 1 voru því næst spurðir spurningar 2: „En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?“. Ef aftur var svarað „Veit ekki/óákveðin(n)“ þá voru þátttakendur að lokum spurðir spurningar 3: „Hvort er líklegra að þú kysir Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern hinna flokkanna?“. Fjöldi þeirra sem svaraði "einhvern hinna" í spurningu 3 var skipt milli annarra flokka en Sjálfstæðisflokksins í sama hlutfalli og fylgi þeirra var skv. spurningum 1 og 2. Samtals tóku 87,8% afstöðu, aðrir kváðust óákveðnir (3,1%), myndu skila auðu (4,0%), myndu ekki kjósa (1,9%) eða vildu ekki gefa upp afstöðu sína (3,2%).

## 60% kjósenda Vinstri grænna myndu kjósa flokkinn aftur

Einungis 60% af þeim sem kusu Vinstri græn síðast sögðust myndu kjósa flokkinn aftur ef kosið yrði til Alþingis í dag. Þá sögðust 15% þeirra sem kusu Vinstri græn síðast ætla að kjósa Samfylkinguna nú og 6% þeirra myndu kjósa Pírata. Þetta gæti gefið til kynna óánægju á meðal kjósenda Vinstri grænna með stöðu stjórnarmyndunarviðræðna. Þá var einnig áberandi lágt hlutfall, eða 66%, meðal kjósenda Framsóknarflokksins sem sagðist kjósa flokkinn aftur núna. Af kjósendum einstaka flokka var hlutfall þeirra sem sögðust ætla kjósa sama flokkinn aftur núna hæst meðal kjósenda Samfylkingarinnar, en 91% þeirra sögðust styðja flokkinn áfram ef kosið til Alþingis í dag.

Hvað kaust þú í síðustu Alþingis-kosningum?	Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?							
	Framsóknar-flokkinn	Sjálfstæðis-flokkinn	Sam-fylkinguna	Vinstri græn	Pírata	Viðreisn	Flokk fólksins	Mið-flokkinn
B: Frams.	66%	2%	1%	3%	1%		5%	2%
D: Sjálfst.fl.	3%	89%		0%		1%		1%
S: Samf.	3%		91%	3%		1%		
V: VG	1%		15%	60%	6%	1%	4%	
P: Pírata			4%	3%	81%	1%	4%	1%
C: Viðreisn	2%	4%	2%		4%	77%	4%	
F: Flokk fólks.	4%			2%			75%	
M: Miðfl.	2%	6%					3%	77%

Eingöngu sýndir flokkar sem eiga fulltrúa á þingi

Í könnuninni var spurt hvaða flokka kjósendur vildu síst hafa í ríkisstjórn. Af niðurstöðunum að dæma má sjá að stuðningur við stjórnarmyndunarviðræður Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri grænna er æði mismunandi í baklandi flokkanna. Sem dæmi má nefna að á sama tíma og 6% kjósenda Sjálfstæðisflokksins vilja síst starfa með Vinstri grænum sögðust 57% kjósenda Vinstri grænna síst vilja hafa Sjálfstæðisflokkinn í ríkisstjórn - sem gæti verið skýringin á því að 40% kjósenda Vinstri grænna sögðust ekki myndu kjósa þá aftur.

Hvað kaust þú í síðustu Alþingis-kosningum?	Af þeim stjórn málafl. sem nú eru með þingmenn á Alþingi, hvern þeirra myndir þú síst vilja hafa í ríkisstjórn?							
	Framsóknar-flokkinn	Sjálfstæðis-flokkinn	Sam-fylkinguna	Vinstri græn	Pírata	Viðreisn	Mið-flokkinn	Flokk fólksins
B: Frams.		15%	7%	2%	30%	13%	24%	2%
D: Sjálfst.fl.	1%	0%	19%	6%	63%	1%	3%	4%
S: Samf.	1%	40%			11%	2%	43%	3%
V: VG		57%	1%		1%	1%	35%	3%
P: Pírata	1%	68%	5%	3%		1%	21%	
C: Viðreisn	2%	9%	2%	4%	20%		48%	15%
F: Flokk fólks.		40%	5%	2%	29%	10%	7%	
M: Miðfl.		7%	13%	21%	46%	12%	1%	

Eingöngu sýndir flokkar sem eiga fulltrúa á þingi

## Upplýsingar um framkvæmd:

Úrtak: Einstaklingar 18 ára og eldri valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR

Könnunaraðferð: Spurningavagn MMR

Svarfjöldi: 944 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 14.-17. nóvember 2017

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.